

Áætlun um vatnsmælingar
á Suðurlandi 1947.

Skógá (2.fl) undir Eyjafjöllum, 169 km. frá Rvík.

9/20/6
Hefur verið mæld ca. 200 m neðan við Skógafoss, þar er vhm. F.M., hæsti punktur á kletti þar hjá 2,19 m. yfir 0 á vhm. Það sem gera þarf er að finna öruggan stað fyrir vhm, mæla það inn, og koma á reglubundnum álestrum. Mæla vatnsrennsli við mism. vatnshæðir.

Uxafótarlækur (2.fl.) hjá Vík í Myrdal, 204 km. frá Rvík.

14/20/6
Vatnsmagn er mjög lítið, hefur verið mælt á yfirfallsstíflu, þó aðeins brot úr ári. Stífluhafa verið reistar á fjórum stöðum.

Þarf að gera: Athuga hvort einhver stíflan fullnægir settum skilyrðum til mælinga og getur gefið rétta mælingu af vatnsmagninu á fallsvæðinu. Stífla lagfærist eða byggist að nýju, álestrar hefjist reglubundið.

Merkja (3.fl.) í Fljótshlíð, 19 km. frá vegam. Fljótshlí.

Ath. um vhm frá 30.7 1946, hvort botn er öruggur. Mæla inn við F.M., hefja reglubundna álestra. Mæla vatnsrennsli.

Eystri-Rangá (3.fl.) Tungufoss.

Um tvær leiðir er að velja 1) Frá Stórólshvoli að Árgildsstöðum 9 km. eða 2) vestan Rangár upp að Stökkalæk 13 km frá vegamótum þarf að setja upp vhm ofan Tungufoss, því að uppsprettur geta

verið í botni árinna neðan við fossinn, því að hraun er undir. Reglubundnir álestrar hefjist, vatnsrennsli mælist við ýmsa vatnshæð.

Eldri mælingar lítils virði, því að þær eru gerðar svo langt frá, niður með ánni hjá Djúpadal, þó fyrir ofan Lambhagasíki.

Framantaldar ármá mæla allar í einni og sömu ferð, þá rétt að haga ferðinni þannig: 1) mæla Merkjá 2) Skógá 3) Uxafótarlæk, þá í bakaleið ef vatnshæðarbreyting hefur átt sér stað 4) Skógá svo 5) Eystri-Rangá þá Merkjá, ef vænta má breyttrar vatnshæðar.

Þegar farið er austur er rétt að athuga vhm hjá Egisíðu í Ytri-Rangá.

Hvítá (2.fl.) hjá Hestvatni (ca. 85 km).

og

Þjórsá (3.fl.) 77 km. frá Rvík.

Rétt að mæla þær báðar í sömu ferð, því að sama útbúnað þarf við báðar árnar. Athuga um vhm hjá Árhrauni og setja e.t.v. upp vhm hjá Gíslastöðum vestan Hvítár.

Við Þjórsá virðist henta betur að hafa vhm hjá Króki en hjá Egilsstöðum.

Áætlun um vatnsmælingar

á Vesturlandi 1947.

Botnsá (1.fl.) í Hvalfirði, Stóri-Botn 70 km frá Rvík.

þarf að mæla vatnsrennslið við ýmsar vatnshæðir, t.d. eftir langvarandi þurrka og svo eftir miklar rigningar, og athuga vhm.

Andakílsá (1.fl.) Borgarfj.s. 104 km. frá Rvík.

Setja upp vhm hjá virkjuninni og hefja reglubundinn álestur.
Mæla vatnsrennsli.

Fossá (1.fl.) við Ólafsvík. 277 km. frá Rvík.

Vhm hjá Rjúkanda 26/11 1940-17/10 1941 álestur annaðist
Stefán Kristjánsson, vantar lýsingu.

þarf nýtt merki. Alestrar hefjist reglulega. Vatnsrennsli-
mælingar.

Straumfjarðará (2.fl.) á Snæfellsnesi 200 km frá Rvík.

Straumfjarðará rennur úr Baulárvallavatni, þar er vhm, sjá gögn frá vegamálastjóra. þarf að mælast inn við F.M.
E.t.v. þarf að mæla Vatnaá, sem rennur milli Hraunsfj. og Baulárvallavatns.

Þverá (1.fl.) við Hólmavík, 314 km. frá Rvík.

147 " " Dalsmynni.

Þverá rennur úr Þöriks^{valla}vatni. þarf að setja niður vhm.
Á leið til Hólmavíkur hentar að athuga vhm í Haukadalsá fyrir ofan Þverá. og þrángarinn, Búðardal.

Fossá (2.fl.) við Bolungavík.

Færa má Þorskafj.heiði á bíl til Arngerðareyrar á bát þaðan
til Ísafj.-Bolungavíkur.

Setja þarf niður vhm og hefja álestra.

Að Arngerðareyri mætti nota tækifærið og fara til Nauteyrar
og athuga vhm við Þverá og Skúfnavötn.

Tónillá

Áætlun um vatnsmælingar

á Norðurlandi 1947.

Laxá (1.fl.) A-Húnavatnss. 308 km. frá Rvík.

Athuga um vatnsmælingar, sem hafa verið gerðar, setja niður ný merki og hefja reglubundinn álestur t.d. hjá stöðinni og við vatnið.

Gönguskarðsá (1.fl.) við Sauðárkrók, 384 km. frá Rvík.

26 " " Varmahlíð

Athuga vhm hjá Rjúpnastapa, með tilliti til gildis eldri mælinga. Setja niður nýtt merki og hefja reglubundinn álestur. Mæla vatnsrennsli. Mæla þarf Dalsá og Lambá, sem renna ýmist í Gönguskarðsá eða ekki, en er auðvelt að veita þangað.

Fljótaá (1.fl.) Siglufj.rafveita 82 km. frá Sauðárkrók

108 " " Varmahlíð

Setja þarf upp vhm hjá stöðinni, mæla vatnsrennslið, gera yfirfallsstíflu fyrir það vatn sem lekur fram hjá stíflu orkuversins.

Garðsá (2.fl.) í Ólafsfirði 125 km frá Sauðárkrók

151 " " Varmahlíð

Ekið um: Fljót-Stíflu-Lágheiði-Ólafsfj.

Vatnsrennslisskýrslur eru til frá 1930-1934, gerðar á 250 cm breiðri yfirfallsstíflu, álestur annaðist Jón Gunnl. Skeggjabrekku. Reglubundnar mælingar (álestrar) hefjist.

Breytist vatnshæð er hentugt að taka vatnsrennslismælingar aftur í Fljótaá og Gönguskarðsá í bakaleið.

8 km suður frá Varmahlíð er Reykjafoss í Svartá. Þar annast Magnús Sigmundsson, Vindheimum, vh-álestur. Það merki þarf að athugast.

Laxá (1.fl.) í Suður-Þing. 530 km frá Rvík.

71 " " Akureyri

Vatnsmælingar hjá rafstöðinni fá fast form.

Vh-mælar athugist í Mývatni og Sandvatni hjá Grímsstöðum (67 km frá Laxárst. um Reykjahlíð).

Áætlun um vatnsrennslismælingar

á Austurlandi 1947.

Á leið að eða frá Austurlandi hentar að athuga vhm hjá Ferjubakka í Vaðkotsá, (2 km. frá Jökulsárbrú (á Fjöllum)), sömu leiðis vhm í Smjörhólsá og Stóralæk hjá Smjörhól (5 km frá nefndri brú). Þessir vhm-mælar miðast ekki við neitt F.M.

Í Sandá, Pistilfirði, hjá bænum Flögu, er vhm sem lesið er á en hefur ekki verið mælt inn við F.M. og engin lýsing til. Frá brúnni á Jökulsá á Fjöllum og þangað austur um Axarfjarðarheiði eru 70 km.

Lagarfljót (2 fl.) Egilst. 806 km. frá Reykjavík.

Það þarf að athuga og mæla vhm inn við F.M. ef staðirnir eru öruggir.

Að Egilsstöðum er vhm

" Vífilstöðum " " 25 km frá Egilst.

Við Lagarfoss eru vhm 32" " "

Að Hallormsst. er vhm 30 " " "

Taka þarf vatnsrennslismælingu þegar vatnshæðarmælar hafa verið athugaðir.

Ath. hjá brúnni á Rangá nálægt Bót er vhm, sem Eiríkur Pétursson, Bót les á. Engin lýsing til.

Í Eyvindará við brúna hjá Miðhúsum er vhm, sem Sigurður Steindórsson les á. Engin lýsing til.

Á leið inn að Hallormsstað er 5 km útúrkrókur frá Úlfstöðum

á Völlum að Grófargerði, en þar er vhm í Grímsá ofan við fossinn undan Sandfellsskógi.

Frá vegamótum við Úlfsstaði á Völlum eru 70 km að Brekkuborg í Breiðdal, en þar hjá Beljanda er vhm í Breiðdalsá. Gísli Stefánsson, Brekkuborg, les á mælinn. Engin lýsing til.

Fjarðará (2.fl.) Seyðisf. 25 km frá Egilstöðum.

Vatnsmælingar hjá rafveitunni fá fast form og sé haldið uppi reglubundið.

E.t.v. er rétt að mæla:

- 1) Frárennsli Heiðarvatns
- 2) Vatnsmagn um Efra-Staf
- 3) " " Neðri-Staf (Múlafoss)

Stafdalsá rennur í Fjarðará milli Stafa.

- 4) Við rafstöð